



2025-2026

Umsögn á starfsáætlun leikskóla Kópavogs

Leikskóli: Ylur Lækjarbotni

Ágæti leikskólastjóri

Starfsáætlun uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar

Allar starfsáætlanir leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs eru lagðar fyrir leikskólanefnd til staðfestingar. **Starfsáætlun leikskólans Yls uppfyllir viðmið Menntasviðs, Leikskóladeildar og hefur verið samþykkt af leikskólanefnd með fyrirvara um samþykki foreldraráðs.**

Athugasemdir:

Kennarar leikskólans Yls hafa mikla trú á waldorfsuppeldisfræðina og þá menntastefnu sem er kennd í leikskólanum og að hún eigi fullt erindi út í samfélagið.

Ef óskað er eftir nánari umræðu/leiðbeiningu um einstaka þætti í starfsáætlun er velkomið að hafa samband við leikskólaráðgjafa.

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri Leikskóladeildar Menntasviðs

Meðfylgjandi er nánara leiðsagnarmat um starfsáætlun leikskólans.



Viðmið um mat á gæðum

Leikskóladeild hefur eftirlit með gæðum leikskólastarfs í Kópavogi. Við yfirlestur starfsáætlana eru notuð viðmið um mat á gæðum í leikskólastarfi sem gefið var út af Reykjavíkurborg 2014¹.

Einnig er nýttur kvarði sem þróaður var í tengslum við viðmiðagerðina og er hann eftirfarandi:

Dökkgrænn:	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Sumir þættir eru öðrum til eftirbreytni.
Ljósgrænn:	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, styrkleikar fleiri en tækifæri til umbóta.
Gulur:	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Tækifæri til umbóta fleiri en styrkleikar.
Appelsínugulur:	Margir mikilvægir þættir uppfylla ekki viðmið um gæðastarf.

Niðurstaða: **Dökkgrænn**, **Ljósgrænn**, **Gulur**, **Appelsínugulur**.

¹ [Viðmið um gæðastarf í leikskólum | Reykjavíkurborg \(reykjavik.is\)](http://viðmið.um.gæðastarf.í.leikskólum|Reykjavíkurborg(reykjavik.is))



Leikskóli: Ylur

Dagsetning yfirferðar: 14.11.2025

Starfsáætlun	Dökkgrænn, Ljósgrænn, Gulur, Appelsínugulur	Athugasemdir
Inngangur		Greinagóð umfjöllun um áherslur í starfi og þær áskoranir sem leikskólinn stóð frammi fyrir á síðasta skólaári ásamt helstu áherslum því næsta.
Skólastarfið/Leiðarljós		Leikskólinn byggir starf sitt á mannspeki Rudolfs Steiners. Allt innra starf leikskólans tekur mið af og mótast af því að mæta hverju barni þar sem það er statt og styrkja og virða einstaklingseðli hvers og eins. Kennarinn er fyrirmynd sem skapar hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi sem stuðlar að því að barnið geti tekist á við framtíðarhlutverk af dugnaði, kjarki, sjálfstæði og áhuga.
Innra mat leikskólans 2024-2025		Innra mati leikskólans eru gerð góð skil, reglulegt símat á sér stað og gerðar eru barnaathuganir til að fylgjast með framvindu þroska barnsins. Tækifæri til umbóta að hlusta á raddir barna og hvernig það færi fram. Ásamt því að nota skimunarlistana EFI- 2 og Hljóm.
Ytra mat leikskólans 2024-2025		Engin umfjöllun um ytra mat.
Umbótaáætlun leikskólans		Umbótaáætlun er í vinnslu en áherslur að umbótum koma fram.
Áherslur í starfi leikskólans		Áherslur næsta starfsárs Grundvallarmarkmið Waldorfleikskólans Yls eru: • Að börnin fái tækifæri til að nota skynfæri sín í kringum góðan, náttúrulegan og hreinan efnivið auk náttúruupplifana • Að veita börnunum gott félagslegt og siðferðislegt uppeldi • Að efla líkur á að börnin verði skapandi í leik og starfi með því að vera sjálf góðar fyrirmyndir í tali, í framkvæmd, með nærveru, við verkefnaval og með góðar leiðbeiningar til foreldra og samvinnu við þá. • Unnið með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem uppeldisfærði leikskólans stuðlar að því að virða hvert einasta, einstaka barn og mæta því eins og það er. Unnið með heimsmarkmiðin út frá uppeldisstefnunni, að börnin læri á heiminn í gegnum skynfærin, í gegnum



		samskipti, góðar venjur og í nánu samneyti við náttúruna. Ekki verið skoðað að innleiða réttindaskóla verkefnið. • Áætlun um læsisstefnu koma ekki fram. • Áætlun um málstefnu koma ekki fram. • Ítarlegar upplýsingar eru um uppeldisfræði leikskólans á heimasíðu leikskólans. • Vinna með hæfniramma í íslensku koma ekki fram en ýmsar leiðir farnar í vinnu með börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. • Lausnarþeymi ekki til staðar en unnið í gegnum barnaathuganir.
Þróunar- og nýbreytnistarf		Í Yl er leitast við að halda í gömul og góð gildi og efla frekar innra starfið í stað þess að horfa til nýjunga en það endurspeglar Waldorf stefnuna að vinna á þann hátt.
Foreldrasamstarf		Foreldraráð og foreldrafélag eru í vinnslu en foreldrar styðja þétt við leikskólann og stuðningur frá foreldrafélagið grunnskólans til staðar þar sem margir eiga börn á báðum stigum. Upplýsingar um foreldrasamvinnu á heimasíðu leikskólans.
Starfsfólk		Ítarlegar upplýsingar um samsetningu starfsfólks og stöðuna næsta skólaár.
Símenntunaráætlun		Símenntun tekin fram.
Skipulagsdagar		Upplýsingar um skipulagsdaga vantar en tilgreint hvaða fræðsla á sér stað yfir árið innan leikskólans.
Aðrar upplýsingar		Upplýsingar um hve mörg börn verða í skólanum næsta leikskólaár koma fram ásamt aldursskiptingu þeirra. Einnig er tilgreint hve mörg börn með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn verða í skólanum, 10 fjöltyngd af 17 börnum, ásamt meðaldvalartími barna er 7,5 tímar og eitt barn í talþjálfun.
Húsnæði og lóð		Yfirlit yfir það viðhald sem fram fór á liðnu skólaári ásamt ósk um viðhald á komandi ári. Jafnframt er óskað eftir virkara samtali við Kópavogsbæ um umbætur og endurbætur á húsnæði.
Öryggismál		Sameiginlegur öryggistrúnaðarmaður er fyrir bæði skólastig. Engin eiginleg öryggisnefnd eða áfallaráð er skipað við leikskólann en vikulegir fundir eru til að meta stöðuna hverju sinni.
Lokaorð		Í lokaorðum eru tilgreindar þær áherslur í leikskólastarfinu sem unnið er með á komandi starfsári. Hvernig leikskólinn telur að uppeldisfræði þeirra sé



		mikilvægur partur af skólaflóru Íslands og skýrar áherslur og metnaður til að skapa góð skilyrði fyrir börnin til að vaxa og dafna með virðingu, hlýju, öryggi og trausti að leiðarljósi.
Fylgigögn		Öll fylgigögn fylgja að undanskyldri umsögn foreldraráðs.
Umsögn foreldraráðs		Umsögn foreldraráðs vantar.